

Ed.

433. Frumvarp til laga

[176. mál]

um Atvinnuöfnunarsjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Atvinnuöfnunarsjóður. Hann er í eigu ríkisins, en í umsjá Landsbanka Íslands eftir því, sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

Hlutverk Atvinnuöfnunarsjóðs er að veita lán og styrki til framkvæmda í þeim landshlutum, þar sem brýn þörf er fjölbreyttara atvinnulífs og skilyrði fyrir hendi til arðbærra framkvæmda, er séu til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og koma í veg fyrir, að einstök byggðarlög fari í auðn.

2. gr.

Stofnfé Atvinnuöfnunarsjóðs er:

- a. Eignir Atvinnubótasjóðs, samkvæmt lögum nr. 40/1962.
- b. Framlag úr ríkissjóði að fjárhæð kr. 150 000 000.00, sem greiðist með jöfnum fjárhæðum á næstu 10 árum, í fyrsta sinn á árinu 1966.
- c. Af mótvirði óafturkræfs framlags Bandaríkjastjórnar 1960, 55 millj. kr., er greiðist sjóðnum á árunum 1966—1969.
- d. Eftirstöðvar af mótvirðissjóði, sem greiða átti til Framkvæmdabanka Íslands, samkvæmt 4. laga nr. 17/1953.

3. gr.

Tekjur Atvinnuöfnunarsjóðs eru:

- a. Skattgjald álbræðslu við Straumsvík, að frádregnum 25% skattgjaldsins, er renna á, 9 fyrstu árin, til Hafnarfjarðarkaupstaðar, og 4.1%, er rennur til Iðnlánasjóðs. Að 9 árum liðnum skal hlutdeild Hafnarfjarðarkaupstaðar af skattgreiðslunni lækka í 20%, en hlutur Atvinnuöfnunarsjóðs aukast að sama skapi.
- b. Vextir.

4. gr.

Stjórn Atvinnuöfnunarsjóðs skipa sjö menn, er Alþingi kýs með hlutfallskosningu til 4 ára í senn. Varastjórn skal kosin á sama hátt og til jafnlangs tíma.

Stjórnin velur formann og varaformann úr sínum hópi.

Ríkisstjórnin ákveður þóknun stjórnar Atvinnuöfnunarsjóðs, og greiðist hún af fé sjóðsins.

5. gr.

Stjórn Atvinnuöfnunarsjóðs tekur ákvarðanir um lán og styrki úr sjóðnum. Styrki má eigi veita, nema allir stjórnarmenn séu á einu máli um styrkveitinguna. Samþykki allra stjórnarmanna þarf einnig til eftirgjafar eldri lána eða breytinga á lánsskilmálum.

Stjórnin ákveður vexti af lánum og önnur lánskjör, að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands.

6. gr.

Efnahagsstofnunin skal vera stjórn sjóðsins til aðstoðar um gerð áætlana og undirbúning lánaákvæðana. Skal Efnahagsstofnunin m. a. láta fram fara skipu-

lagðar rannsóknir á atvinnuástandi, samgöngum og menningarmálum einstakra byggðalaga eða landshluta. Á þessum rannsóknum skal reisa áætlanir um framkvæmdir, er að dómi sjóðsstjórnar beri helzt að styrkja með lánveitingum eða styrkjum í samræmi við ákvæði 1. gr.

Forgang skulu hafa lánveitingar til framkvæmda, sem liðir eru í áætlunum, sem stjórn sjóðsins hefur samþykkt að styðja, sbr. næstu málsgrein hér á undan.

Stjórn sjóðsins skal, eftir því sem unnt er, hafa samstarf við aðrar fjárfestingalánastofnanir um þær framkvæmdir, sem hún veitir fé til.

Atvinnujöfnunarsjóði er heimilt að taka lán hjá Framkvæmdasjóði ríkisins, ef eigið fé sjóðsins nægir eigi, til viðbótar lánveitingum annarra stofnsjóða, til þess að stuðla að framgangi framkvæmdaáætlana, samkvæmt þessari grein. Er sjóðnum jafnframt í þessu skyni heimilt að taka erlend lán allt að 300 millj. kr., hvort heldur er beint, og er þá heimilt að veita sérstaka ríkisábyrgð fyrir þeim lánnum, eða fyrir milligöngu Framkvæmdasjóðs ríkisins. Lánsfé má sjóðstjórn eingöngu verja til framkvæmda, er örugglega tryggja endurgreiðslu lánsfjárins, nema um sé að ræða lánsfé með sérstökum kjörum frá Atvinnuleysistryggingasjóði, samkv. heimild í lögum þess sjóðs um lán til Atvinnubótasjóðs vegna lausnar sérstakra atvinnuvandamála. Er Atvinnujöfnunarsjóði heimilt að veita því fé móttöku með þeim kjörum, er um semst við Atvinnuleysistryggingasjóð.

7. gr.

Landsbanki Íslands hefur umsjá með Atvinnujöfnunarsjóði, sér um bókhald hans og daglegan rekstur, eftir nánara samkomulagi við sjóðstjórn. Lausafé Atvinnujöfnunarsjóðs skal geymt á reikningi í Seðlabankanum.

Atvinnujöfnunarsjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Allar skuldbindingar, sem gefnar eru út af sjóðnum og í nafni hans, skulu undanþegar stimpilgjaldi og þinglýsingargjöldum.

Nú er fasteign seld á nauðungarupphóði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppbóðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett Atvinnujöfnunarsjóði, og geta þess í uppbóðsgerðinni. Ef svo reynist, skal sjóðnum gert viðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við upphóðið.

Stjórn sjóðsins semur um þóknun til Landsbankans fyrir störf hans í þágu sjóðsins.

8. gr.

Umsóknir um lán eða styrki úr Atvinnujöfnunarsjóði skal senda á sérstökum eyðublöðum, er sjóðstjórn lætur gera. Kveður stjórnin nánar á um það, hver gögn og skilríki skulu fylgja umsókn.

9 gr.

Um endurskoðun og bókhald Atvinnujöfnunarsjóðs fer eftir lögum nr. 11/1961, um Landsbanka Íslands, og reglugerð hans.

Ársreikningar sjóðsins skulu að lokinni endurskoðun lagðir fyrir stjórn hans til staðfestingar.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 40 21. apríl 1962, um Atvinnubótasjóð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er flutt í samræmi við þá stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að mynda sjóð, til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins í ríkara mæli og á

skipulegri hátt en auðið hefur verið að gera með hinu takmarkaða ráðstöfunarfé Atvinnubótasjóðs. Tryggir frumvarpið Atvinnujöfnunarsjóði miklum mun meira starfsfé en Atvinnubótasjóður hefur haft, og jafnframt er sú meginstefna mörkuð, að unnið verði að eflingu atvinnulífs víðs vegar um landið, fyrst og fremst eftir fyrirframgerðum áætlunum.

Í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins er nánar vikið að hlutverki sjóðsins, en ráðstöfunarfé hans eingöngu af eigin fé mun verða um 50 milljónir króna á árinu 1967, fer síðan árlega hækkandi og mun verða um 112 milljónir króna árið 1975. Er í þeim áætlunum þá ekki reiknað með hinum viðtæku lántökuheimildum, sem sjóðurinn hefur, og aðeins gert ráð fyrir að innheimtist árlega 4 milljónir króna, að meðtöldum vöxtum, af lánum Atvinnubótasjóðs, sem um síðustu áramót námu 116 milljónum króna. Eigi er heldur meðtalið það ráðstöfunarfé, sem ætla má, að Atvinnujöfnunarsjóður fái í samræmi við þá sérstöku útlánaheimild Atvinnuleysistryggingasjóðs, sem nú er verið að lögfesta á Alþingi. Á árinu 1966 mun Atvinnujöfnunarsjóður hafa til ráðstöfunar 44 milljónir króna, en jafnframt hefur þegar verið gert ráð fyrir, að sjóðurinn annist milligöngu um fjárhagsaðstoð þá, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt að veita vegna erfiðleika útgerðar fyrir Norðurlandi í vetur í samræmi við kjarasamninga verkalyðsfélaganna á síðastliðnu sumri. Nemur sú aðstoð 6—7 milljónum króna, sem gert er ráð fyrir, að Atvinnuleysistryggingasjóður leggi fram, þannig að ráðstöfunarfé Atvinnujöfnunarsjóðs á yfirstandandi ári verður a. m. k. 50 milljónir króna. Samtals má áætla, að Atvinnujöfnunarsjóður hafi á næstu 10 árum til ráðstöfunar, eingöngu af eigin fé sínu, rúmar 700 milljónir króna, og að hrein eign sjóðsins verði þá rúmar 545 milljónir króna. Má til samanburðar geta þess, að á 15 ára tímabili, frá 1951—1965, hefur samtals verið varið til atvinnuaukningar og síðar til Atvinnubótasjóðs 160 milljónum króna. Er því hér um að ræða mjög stórfellda aukningu fjár til þess sérstaklega að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, enda þótt ekki séu meðtaldar þær miklu lántökuheimildir, sem Atvinnujöfnunarsjóði eru nú veittar, og heimildir Atvinnuleysistryggingasjóðs til þess að verja árlega hluta vaxtatekna sinna til þess að mæta sérstöku atvinnuörðugleikum, sem ætla má, að Atvinnujöfnunarsjóður hafi að meira eða minna leyti milligöngu um ráðstöfun á, og jafnframt leysi verkefni, sem oft hvíldi með verulegum þunga á Atvinnubótasjóði. Verði á næstu árum þörf sérstakra átaka af hálfu Atvinnujöfnunarsjóðs í sambandi við framkvæmdaáætlanir fyrir einstaka landshluta eða héruð, sem eigið ráðstöfunarfé sjóðsins hrekkur ekki til að mæta, á að vera auðvelt að grípa til lántökuheimildanna með hliðsjón af hinum öruggu framtíðartekjum sjóðsins, sem eru að verulegu leyti gengistryggðar. Ber jafnframt að hafa það í huga, að Atvinnujöfnunarsjóði er ekki ætlað að létta af neinum öðrum stofnlánasjóðum þeim verkefnum, er á þeim hvíla, heldur að vera viðbót lánveitinga annarra stofnsjóða atvinnuveganna á þeim stöðum á landinu, þar sem nauðsynlegt er að veita sérstaka fjárhagsaðstoð í samræmi við stefnumið Atvinnujöfnunarsjóðs.

Um 1. gr.

Lagt er til, að Atvinnujöfnunarsjóður verði í umsjá Landsbanka Íslands, er annist afgreiðslu lána og innheimtu. Atvinnubótasjóður var í umsjá Framkvæmdabanka Íslands, en gert er ráð fyrir, að sá banki verði lagður niður.

Í 2. mgr. er hlutverk Atvinnujöfnunarsjóðs skilgreint í meginatriðum. Ekki er æskilegt að marka sjóðnum of þröngan starfsramma, heldur verði sjóðstjórninni veitt rúm heimild til þess að setja sjóðnum lánareglur, er þjónað geti sem bezt þeim tilgangi, er sjóðnum er ætlaður. Þar sem sjóðnum er fyrst og fremst ætlað að starfa í samræmi við framkvæmdaáætlanir og kerfisbundnar athuganir á atvinnulífi einstakra landshluta og héraða, hlýtur fyrst og fremst að verða að laga starfsemi sjóðs-

ins eftir þeim verkefnum, er þær áætlanagerðir leiða í ljós, að brýnust nauðsyn sé að sinna.

Um 2. gr.

Lagt er til að afla Atvinnuöfnunarsjóði stofnfjár með fernum hætti:

1. Með því að afhenda sjóðnum eignir Atvinnubótasjóðs, en þær námu um síðustu áramót 116 milljónum króna í skuldabréfum. Skipuleg innheimta afborgana og vaxta af atvinnuaukningarlánum hófst fyrst eftir að Atvinnubótasjóður tók til starfa. Má því gera ráð fyrir að lengja verði lánstíma flestra hinna eldri lána, en ástæðulaust er hins vegar að innheimta ekki þessi lán, nema þar sem sérstaklega stendur á.
2. Ríkissjóður leggi fram á næstu 10 árum 150 milljónir króna með jöfnum árgreiðslum, í fyrsta sinn á árinu 1966. Er reiknað með því framlagi í fjárlögum yfirstandandi árs.
3. Atvinnuöfnunarsjóði verði afhentar 55 milljónir króna af mótvirði óafturkræfs framlags Bandaríkjaþjórnar 1960. Verði Atvinnuöfnunarsjóði greitt þetta framlag á árunum 1966—1969.
4. Atvinnuöfnunarsjóður fái til eignar eftirstöðvar af mótvirðissjóði, sem greiða átti til Framkvæmdabanka Íslands, samkvæmt 4. gr. laga nr. 17/1953. Nema þessar eftirstöðvar um 43 milljónum króna, og er gert ráð fyrir, að Atvinnuöfnunarsjóður fái það fé til ráðstöfunar á næstu 4 árum.

Stofnfé Atvinnuöfnunarsjóðs er þannig um 364 milljónir króna, og sé reiknað með, að 5% af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins séu styrkir og aðeins innheimtist árlega 4 milljónir króna í árgjöldum af lánum Atvinnubótasjóðs, má gera ráð fyrir að höfuðstóll Atvinnuöfnunarsjóðs verði rúmar 545 milljónir króna árið 1975, þegar hinum föstu stofnfjárframlögum ríkissjóðs er að fullu lokið.

Um 3. gr.

Eðlilegt þykir, að meginhluti skatttekna af væntanlegri álbræðslu renni til Atvinnuöfnunarsjóðs, í því skyni að stuðla að eflingu atvinnulífs víðs vegar um landið, til þess að koma í veg fyrir óeðlilegan samdrátt landsbyggðarinnar. Áætlað er, að fyrsta heila starfsár álbræðslunnar verði árið 1970, og að framleiðslugjald hennar, fyrstu 3 árin, nemi rúmunum 16 milljónum króna á ári, miðað við núverandi gengi. Næstu 3 ár þar á eftir nemi framleiðslugjaldið rúmunum 24 milljónum króna á ári, þá verði gjaldið í 9 ár rúm 51 milljón króna á ári, hækki þá næstu 3 ár í 71 milljón króna árlega, þá hækki árgjaldið í 80 milljónir króna næstu 3 ár og loks verði árgjaldið rúmar 90 milljónir króna í 4 ár.

Lagt er til, að 70.9% skattgjaldsins renni til Atvinnuöfnunarsjóðs fyrstu 9 árin, en úr því 75.9%. Miðað við, að álbræðslan verði fullgerð í þremur áföngum, myndi hluti Atvinnuöfnunarsjóðs af skattgjaldinu á árunum 1970—1972 nema um 11.3 milljónum á ári og árin 1973—1975 rúmunum 17 milljónum króna á ári. Árin 1976—1978 yrði skattgjaldið hins vegar 36.2 millj. og mun hækka í 38.7 millj. fyrir árin 1979—1984. Árin 1985—1987 mun skattgjaldið nema 53.9 millj. króna á ári. Úr því fer skattgjaldið hækandi í samræmi við heildarskattgjald álbræðslunnar.

Þar eð Atvinnuöfnunarsjóði er tryggt svo mikið eigið starfsfé, fara nettó vaxtatekjur sjóðsins fljótt að nema álitlegum fjárhæðum.

Um 4. gr.

Lagt er til, að stjórn sjóðsins verði skipuð 7 mönnum, er Alþingi kjósi. Verður að telja æskilegt, miðað við verkefni sjóðsins, að allir þingflokkar eigi þar sinn fulltrúa.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir, að stjórn sjóðsins ákveði sjálf lánareglur og aðrar starfsreglur, innan þeirra marka, er hlutverk sjóðsins setur. Eðlilegt þykir, að styrkir séu ekki veittir, nema sjóðstjórn sé á einu máli um það, og að sama skilyrði sé sett til eftirgjafar lána eða breytinga á láns-skilmálum. Er það í samræmi við þær starfsreglur, sem nú gilda um Atvinnubótasjóð, og hafa þeir starfshættir gefið góða raun.

Um 6. gr.

Í þessari grein eru lagðar meginlínur um framkvæmdaáætlanir þær, sem sjóðurinn á fyrst og fremst að starfa eftir. Er Efnahagsstofnuninni falið að annast áætlunargerð þessa í samráði við stjórn sjóðsins, og enn fremur að undirbúa lánsákvæðanirnar. Í greininni er jafnframt skýrt tekið fram, að Atvinnuþjófnumarsjóði sé ekki ætlað að taka á sig skyldur annarra lánasjóða, heldur komi til viðbótar framkvæmdalánnum annarra fjárfestingalánastofnana.

Atvinnuþjófnumarsjóði er veitt almenn og ótakmörkuð lántökuheimild hjá Framkvæmdasjóði ríkisins, til þess að stuðla að framgangi framkvæmdaáætlana, en rétt þykir og nauðsynlegt að hafa sérstaka heimild til þess að taka erlend lán í sama skyni. Nú þegar hefur verið samið um verulegar lántökur erlendis í sambandi við Vestfjarðaáætlun, og mjög líklegt er, að leitað verði eftir erlendu lánsfé í sambandi við einstaka þætti annarra framkvæmdaáætlana. Nauðsynlegt er, til tryggingar fjárhagsafkomu sjóðsins, að lánsfé sé einungis endurlánað til framkvæmda, er örugglega geta tryggt endurgreiðslu lána.

Sérstök heimild er sett í þessa grein, til þess að veita móttöku fé, sem um kann að semjast við Atvinnuleysistryggingasjóð, að ráðstafað verði fyrir milli-göngu Atvinnuþjófnumarsjóðs, samkvæmt hinni sérstöku heimild um ráðstöfun fjórða hluta árlegra vaxtatekna Atvinnuleysistryggingasjóðs, sem nú er til meðferðar á Alþingi.

Um 7.—10. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.